

**Nd.**

## **64. Frumvarp**

til laga um landsdóm.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogu og Einar Arnórsson.

1. gr.

Á Íslandi skal vera landsdómur. Samkomustaður hans skal að jafnaði vera í Reykjavík.

2. gr.

Landsdómur fer með og dæmir mál þau, er Alþingi lætur höfða gegn ráðherra út af embættisrekstri. Undir landsdóm ber einnig þau mál, er Alþingi lætur höfða gegn landritara út af embættisrekstri hans, þá er hann gegnir ráðherrastörfum á sjálfs sins ábyrgð.

3. gr.

Landsdóm skipa 9 sjálfkjörnir lögfræðingar: Dómararnir í Landsyfirdóminum 3, kennararnir í lagadeild Háskólans 3, og enn fremur 3 lögfræðingar, þeir er í embættum sitja og elstir eru í embætti. Enginn má skipa landsdóm samkvæmt þessari grein, sem á sæti á Alþingi eða er í Stjórnarráðinu.

4. gr.

Enn fremur skipa landsdóm 20 dómendur, kjörnir á Alþingi. Af þeim kys efri deild 7, og neðri deild 13.

Enginn er kjörgengur í landsdóm samkvæmt þessari grein, sem

1. er yngri en 30 ára eða eldri en 60 ára,
2. á sæti á Alþingi,
3. hefir verið dæmdur fyrir verknað, sem svívirðilegur er að almennings áliti,
4. hefir mist fjárráð,

5. hefir þegið af sveit og eigi endurgoldið styrkinn eða fengið eftirgjöf á honum,
6. er öðrum háður sem hjú,
7. er útlendingur eða í þjónustu annars ríkis,
8. á heima í öðru landi.

Enginn kjörgengur maður getur skorast undan kosningu.

5. gr.

Auk þeirra dómenda, sem 4. gr. ræðir um, skulu kjörnir á Alþingi 20 varamenn í landsdóm, 7 í efri og 13 í neðri deild. Skulu þeir taka sæti í dómnum, ef dómandi deyr eða forfallast.

6. gr.

Kosning dómenda, bæði aðalmanna og varamanna, gildir um 6 ára bil.

7. gr.

Dómendum skal goldið sama dagkaup sem alþingismönnum og endurgjald fyrir ferðakostnað eftir reikningi, sem dómurinn úrskurðar sjálfur. Allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði.

8. gr.

Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra eða landritara skal gjörð með þingsályktun í sameinuðu þingi. Til þess að slík ákvörðun verði löglega gjörð, verður meira en helmingur hvorrar þingdeildar að vera á fundi, enda greiði meira en helmingur þingmanna á fundi atkvæði með ályktuninni.

Í þingsályktuninni skulu kæratriðin tilgreind nákvæmlega, enda sje sókn málsins og dómur bundinn við þau.

Um leið og ályktun er tekin um málshöfðun kýs sameinað Alþingi mann, til þess að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast.

9. gr.

Forseti Landsyfirdómsins er forseti landsdóms, uns forseti er kjörinn samkvæmt 13. gr.

10. gr.

Sóknari skal tafarlaust senda forseta landsdóms ályktun þingsins um málshöfðun í frumriti og eftirriti. Forseti sendir ákærðum eftirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn, og ákveður með nægilegum fyrirvara, stað og stund til þess. Jafnframt gerir forseti sóknara skriflega viðvart um stað og stund til ruðningar og skorar á hann, að ryðja þá dóminn af sinni hálfu.

Dómruðning fer svo fram, að sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og tíma, og ryður hvor 2 af hinum lögskipuðu og 5 af hinum kjörnu dómöndum.

Eftir að dómruðning hefir farið fram, skipar forseti ákærðum verjanda, og skal taka til þess mann heimilisfastan á Íslandi, enda er ákærðum rjett að tilnefna sjer verjanda, ef hann vill. Rjett er ákærðum og að halda sjálfur uppi vörn fyrir sig.

Nú ryður aðili eigi dóm, og skal forseti þá taka með hlutkesti svo marga sem ryðja átti. Við dómruðning skal hafa 4 votta, óvilhalla og valinkunna menn.

Nú lætur annarhvor aðilja þess getið við dómruðning, að hann þurfi að afla upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, og skal forseti þá kveðja dómendur þá, er dæma eiga málið, saman með 3—6 mánaða fyrirvara eftir því sem ástæður þykja til. En ef hvorugur aðilja óskar að leita sannana utan Reykjavíkur, kveður forseti dómendur saman með hæfilegum fyrirvara, þó eigi lengri en 3 mánaða. Stefnu skal forseti gefa út á hendur ákærðum með sama fresti sem dómöndum er veittur, en sóknari lætur birta stefnuna á venjulegan hátt og svo fljótt, að ákærður fái að minsta kosti svo langan stefnufrest, sem hann ætti heimtingu á í einkamáli til yfirdóms, þó þarf frestur aldrei að vera lengri en 3 mánuðir.

Stefna skal rituð á frumrit þingsályktunar.

#### 11. gr.

Sóknara er skylt að leita allra gagna og færa þau fram gegn ákærðum, og verjanda er skylt að færa fram allt það, er sýkna má ákærðan eða mýkna málstað hans, enda er ákærðum sjálfum jafnan rjett að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Um vitni og vitnaskyldu gilda almennar reglur einkamála.

#### 12. gr.

Þá er leita þarf vitna utan Reykjavíkur, skal vitnaleiðsla fara fram með venjulegum hætti fyrir hjeraðsdómi, enda skal til hennar stefnt með sama hætti og sama fresti sem málið væri einkamál milli sóknara og ákærðs. Vitnaleiðsla í Reykjavík fer fram fyrir landsdómi sjálfum. Forseti á, ef þess er krafist, að gefa út stefnu til vitna þeirra, sem krafín eru vitnisburðar fyrir landsdómi.

#### 13. gr.

Nú eru dómendur komnir á dómstað, og skulu þeir þá vinna dómaraeið, er eigi hafa unnið hann áður. Því næst kjósa dómendur forseta, er jafnan skal vera lögfróður maður.

Eigi er dómur lögmaður, nema 3 hinna lögskipuðu og 8 hinna kjörnu dómenda, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn og taki þátt í dómsuppsögn.

Nú sækir dómari eigi dómþing eða vanrækir á annan hátt skyldu sína, og varðar honum það sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggir við að landslögum.

#### 14. gr.

Málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði, þannig að sóknari leggur fram fyrir dóminn sönnunargögn sín: afrit af vitnaleiðslum utan Reykjavíkur og önnur skjöl, færir síðan fram vitni sín, er nærstödd eru, og spyr hann þau sjálfur, enda er ákærðum og verjanda heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Dómurinn á engan þátt í vitnaleiðslunni, en heimilt er bæði vitni og aðiljum að skjóta ágreiningi um allt það, er vitnamál varðar, til úrskurðar forseta, enda ber þeim að hlíta úrskurði hans um þau efni. Bóka skal dómurinn öll svör vitna á sama hátt sem í almennum einkamálum tíðkast.

Á sama hátt leggur verjandi fram varnargögn sín, leiðir vitni, sem nærstödd eru, enda er sóknara rétt að leggja gagnspurningar fyrir vitni verjanda. Fer um þessa vitnaleiðslu svo sem fyrr er mælt um vitnaleiðslu sóknara.

Þá er gögn hafa framfærð verið, fer fram sókn máls og vörn munnlega. Rjett er hvorum aðilja að tala tvisvar, en oftast eigi, nema dómsforseta þyki sjer- stök ástæða til. Ákærðum sjálfum er og jafnan rjett að tala tvisvar, enda þótt verj- andi hans hafi einnig talað svo oft, og jafnan er verjanda eða ákærðum rjett að tala síðast, áður mál sje tekið til dóms.

15. gr.

Dómur skal uppkveðinn áður liðnir sjeu 3 sólarhringar eftir dómtöku.

Ákærðum verður eigi gjörð refsing, nje heldur verða skaðabætur lagðar á hann nje málskostnaður, nema  $\frac{3}{8}$  þeirra, er taka þátt í dómsuppsögn, sjeu á eitt sáttir.

Í dóminum skal ákveða sóknara og verjanda hæfilega þóknun fyrir mál- flutning. Þóknun verjanda má eigi minni vera en sóknara. Að öðru fer um málskostnaðargreiðslu eftir almennum reglum.

Dómurinn skal bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu dómsins á venjulegan hátt.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um landsdóm nr. 11, 20. okt. 1905, svo og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.